N1 ehf. Hjólbarðaverkstæði
Reykjavíkurvegur 56
220 Hafnarfjörður

Kópavogur, 23. október 2026
Tilvísun: E51931
E51931

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: eftirlit@n1.is

Eftirlitsskýrsla

Tilefni: Úttekt	**Eftirlit framkvæmt:** 20.8.2026
Skráning: Í vinnslu	**Starfsemi:** Dekkkjaverkstæði
Aðsetur: Reykjavíkurvegur 56	**Kennitala:** 4110033370
Fulltrúar fyrirtækis: Viktor Örn, gæðaeftirlit	**Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits** Eiríkur Vigfússon, heilbrigðisfulltrúi

Umfang eftirlits

Eftirlit fór fram skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti nr. 550/2018 og reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.
Stuðst var við samræmd starfsskilyrði fyrir Bifreiða- og vélaverkstæði sem eiga sér stoð í ofangreindum reglugerðum.

Niðurstöður eftirlits

Starfsleyfi verkstæðisins rennur út snemma á næsta ári og því var ákveðið að sækja um skráningu strax, þrátt fyrir að stutt sé síðan síðasta eftirlit var framkvæmt (03.05.2026).
Aðkoma er snyrtileg og verkstæðið vel skipulagt. Ónýtum dekkjum er safnað í opinn gám að aftan, þónokkuð er af dekkjum inn af verkstæði. Margir gámar með dekkjum í fyrir aftan sem og dekkjahótel. Stefnt er að því að opna miðlægan dekkjalager við Borgarhellu á haustmánuðum og mun þá grynnnka mikið á dekkjageymslu við Reykjavíkurveg. Kör undir málm úrgang standa að aftanverðu, við eftirlit var ýmis konar annar úrgangur í þeim (reiðhjól, plast og annað). Þetta var lagað samdægurs og mynd send því til sönnunar.
Ónýtum jafnvægislóðum er safnað í kar og skilað inn þegar fyllist.
Engar athugasemdir og skráning staðfest.

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Öll eftirfylgni fer eftir gjaldskrá Heilbrigðiseftirlitsins. Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar á tölvupóstfangið hef@heilbrigdiseftirlit.is. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafresti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; www.heilbrigdiseftirlit.is.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Vigfússon,
heilbrigðisfulltrúi.